

# **Bolungarvíkur- kaupstaður**

Ársreikningur 2016

# Bolungarvíkur- kaupstaður

Ársreikningur 2016

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda.....	2-3
Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra.....	4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6-7
Yfirlit um sjóðsstreymi.....	8
Skýringar.....	9-22

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til bæjarstjórnar Bolungarvíkurkaupstaðar

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í skýrslu og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Bolungarvíkurkaupstaðar á árinu 2016, efnahag 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga og reikningskilareglur fyrir sveitarfélög.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Bolungarvíkurkaupstað í samræmi við settar síðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Bolungarvíkurkaupstaðar. Ef við á, skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þeir ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Næganleg víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýninni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru næganleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum hvort reikningskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 9. maí 2017

**Deloitte ehf.**

Lárus Finnbogason  
endurskoðandi

# Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

---

Ársreikningur Bolungarvíkurkaupstaðar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 1.075 millj. kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 1.028 millj. kr. Rekstrartekjur A hluta námu 892 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 845 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,5% vegna íbúðarhúsnæðis og 1,5% vegna atvinnuhúsnæðis en lögbundið hámark þess er 0,625% og 1,65%. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 9,4 millj. kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir jákvæðri afkomu að fjárhæð 12,5 millj. kr. Rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 6,6 millj. kr. eftir að dregið hefur verið frá 34,1 millj. kr. framlag A hluta til að greiða niður tap B hluta fyrirtækja. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu að fjárhæð 67,6 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 295,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé A hluta 346,2 millj. kr.

Hlutfall reglulegra tekna af heildarskuldum og skuldbindingum er 101% hjá sjóðum A-hluta, en var 132% árið 2015, og 147% í samanteknum ársreikningi en var 168% árið 2015. Að frádragnu framtíðarinnflæði leigutekna hjúkrunarheimilis er skuldahlutfallið 119%. Skv. 2. mgr. 64. gr. sveitastjórnarlaga á þetta hlutfall ekki að vera herra en 150%.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu um 531 milljónum króna en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 68 stöðugildum.

Íbúafjöldi í Bolungarvíkurkaupstað 31. desember 2016 var 908 og fjölgaði um 4 frá fyrra ári.

Bæjarstjóri og bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar staðfestir hér með ársreikning Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Bolungarvík 9. maí 2017.

Jón Páll Hreinsson  
Bæjarstjóri

## Bæjarstjórn:

Helga Svandís Helgadóttir, forseti bæjarstjórnar

Baldur Smári Einarsson

Halldóra Dagný Sveinbjörnsdóttir

Margrét Jómundsdóttir

Guðrún Stella Gissurardóttir

Einar Guðmundsson

Guðlaug Rós Hólmsteinsdóttir

## Rekstrarreikningur árið 2016

Skýr.	A hluti			A og B hluti		
	2016	Áætlun	2015	2016	Áætlun	2015
Skatttekjur án framlaga jöfnunarsjóðs .....	515.261	506.268	468.125	509.207	506.268	462.189
Framlög jöfnunarsjóðs sveitarfélaga .....	227.019	204.432	219.437	227.019	204.432	219.437
Þjónustutekjur .....	97.590	76.326	66.622	264.965	213.818	209.829
Endurgreiðslur .....	41.755	20.463	36.211	41.755	37.594	23.202
Aðrar tekjur .....	10.537	37.316	10.501	32.121	65.603	31.789
<b>Tekjur</b>	<b>892.163</b>	<b>844.805</b>	<b>800.896</b>	<b>1.075.067</b>	<b>1.027.715</b>	<b>946.446</b>
Laun og launatengd gjöld .....	(490.949)	(453.126)	(446.934)	(530.844)	(492.683)	(485.294)
Breyting lífeyrisskuldbindinga .....	(7.644)	(500)	(9.566)	(7.644)	(500)	(9.566)
Annar rekstrarkostnaður .....	(246.456)	(193.013)	(197.399)	(308.642)	(272.713)	(248.622)
Afskriftir varanlegra fastafjármuna .....	(28.311)	(27.697)	(26.569)	(62.103)	(57.130)	(55.776)
Framlög til B-hluta .....	(34.101)	0	(43.571)	0	0	0
Styrkir og framlög .....	(83.770)	(102.750)	(95.717)	(84.927)	(103.750)	(96.717)
<b>Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði</b>	<b>932</b>	<b>67.719</b>	<b>(18.860)</b>	<b>80.907</b>	<b>100.939</b>	<b>50.470</b>
Fjármunatekjur .....	34.505	55.087	35.784	7.486	24.762	8.516
Fjármagnsgjöld .....	(42.042)	(55.157)	(48.789)	(79.001)	(113.164)	(68.610)
<b>Rekstrarafkoma ársins</b>	<b>(6.605)</b>	<b>67.649</b>	<b>(31.865)</b>	<b>9.392</b>	<b>12.537</b>	<b>(9.624)</b>

# Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
		31.12.2016	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2015
<b>Fastafjármunir</b>					
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir</b>					
Fasteignir .....		495.766	495.869	1.355.521	1.340.127
Hafnarmannvirki .....				107.207	103.668
Gatnakerfi .....		127.339	129.231	127.339	129.231
Vatnsveitu- og holræsakerfi .....				81.761	85.993
Vélar, áhöld og tæki .....		23.777	28.364	32.090	38.747
		<u>646.882</u>	<u>653.464</u>	<u>1.703.918</u>	<u>1.697.767</u>
<b>Áhættufjármunir og langtímakröfur</b>					
Eignarhlutar í félögum .....		92.508	90.008	92.508	90.008
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....		360.859	522.125		
		<u>453.368</u>	<u>612.134</u>	<u>92.508</u>	<u>90.008</u>
<b>Fastafjármunir</b>		<u>1.100.250</u>	<u>1.265.598</u>	<u>1.796.427</u>	<u>1.787.775</u>
<b>Veltufjármunir</b>					
<b>Skammtímakröfur</b>					
Óinnheimtar tekjur .....		47.505	54.797	60.929	65.660
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		39.623	34.761	39.980	35.467
Næsta árs afborganir langtímakrafna .....		17.474	16.623		
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki .....		62.022	44.107		
		<u>166.624</u>	<u>150.287</u>	<u>100.909</u>	<u>101.127</u>
<b>Handbært fé</b>					
Bankainnistæður .....		7.684	14.867	7.690	14.872
		<u>7.684</u>	<u>14.867</u>	<u>7.690</u>	<u>14.872</u>
<b>Veltufjármunir</b>		<u>174.308</u>	<u>165.155</u>	<u>108.599</u>	<u>115.999</u>
<b>Eignir</b>		<u>1.274.558</u>	<u>1.430.752</u>	<u>1.905.026</u>	<u>1.903.774</u>

## 31. desember 2016

### Eigið fé og skuldir

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti		
	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2015
<b>Eigið fé</b>					
Eigið fé .....		346.220	346.639	295.384	279.805
<b>Eigið fé</b>		<u>346.220</u>	<u>346.639</u>	<u>295.384</u>	<u>279.805</u>
<b>Skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbinding .....		116.486	108.842	116.486	108.842
		<u>116.486</u>	<u>108.842</u>	<u>116.486</u>	<u>108.842</u>
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við Lánasjóð sveitarfélaga .....		591.571	649.806	966.293	850.106
Skuldir við aðrar lánastofnanir .....		56.076	66.891	398.241	419.333
Næsta árs afborganir .....		(76.132)	(81.455)	(104.141)	(103.765)
		<u>571.515</u>	<u>635.243</u>	<u>1.260.393</u>	<u>1.165.674</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir.....			90.000		90.000
Viðskiptaskuldir .....		36.393	67.677	36.393	67.677
Skuldir við eigin fyrirtæki.....		46.216	20.174		
Aðrar skammtímaskuldir.....		81.596	80.723	92.230	88.011
Næsta árs afborganir langtímalána.....		76.132	81.455	104.141	103.765
		<u>240.337</u>	<u>340.029</u>	<u>232.764</u>	<u>349.454</u>
<b>Skuldir og skuldbindingar</b>		<u>928.338</u>	<u>1.084.114</u>	<u>1.609.642</u>	<u>1.623.969</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>1.274.558</u>	<u>1.430.752</u>	<u>1.905.026</u>	<u>1.903.774</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi árið 2016

	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
		2016	2016 áætlun	2015	2016	2016 áætlun	2015
<b>Rekstrarhreyfingar</b>							
Niðurstaða ársins .....		(6.605)	67.649	(31.865)	9.392	12.537	(9.624)
Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:							
Reiknaðar afskriftir .....	8	28.311	27.697	26.569	62.103	57.130	55.776
Verðbætur og gengismunur .....		4.931	9.295	6.875	29.474	45.149	24.585
Sölutap/(hagnaður) .....		8.681		(803)	(3.319)		(803)
Breyting á lífeyrisskuldbindingum .....	12	7.644		9.566	7.644		9.566
<b>Veltufé frá rekstri</b>		<b>42.962</b>	<b>104.641</b>	<b>10.342</b>	<b>105.294</b>	<b>114.816</b>	<b>79.502</b>
Breytingar á skammtímalíðum:							
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun) .....		7.292		(9.530)	4.988		(8.285)
Aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun) .....		(4.862)		(3.385)	(4.770)		22
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....		(19.555)		7.451	(16.210)		7.393
<i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum</i>		<i>(17.126)</i>		<i>(5.463)</i>	<i>(15.992)</i>		<i>(870)</i>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>25.836</b>	<b>104.641</b>	<b>4.879</b>	<b>89.301</b>	<b>114.816</b>	<b>78.632</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>							
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....		(37.833)	(50.000)	(80.030)	(72.359)	(60.000)	(181.369)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna .....		13.610		1.000	13.610		1.000
Eignarhlutar í félögum, breyting .....		(2.500)		(2.500)	(2.500)		(2.500)
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting .....				11.251			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		<b>(26.723)</b>	<b>(41.249)</b>	<b>(79.030)</b>	<b>(61.249)</b>	<b>(62.500)</b>	<b>(180.369)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>							
Skuldir við lánastofnanir .....		(90.000)		90.000	(90.000)		90.000
Ógreiddar fjárfestingar .....		(10.856)		(12.633)	(10.856)		(12.633)
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting .....		159.730	(9.299)	(3.190)			
Tekin ný langtímalán .....			60.000	80.900	175.000	80.000	130.900
Afborganir langtímalána .....		(65.170)	(85.888)	(81.195)	(109.379)	(104.112)	(106.800)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<b>(6.296)</b>	<b>(35.187)</b>	<b>73.883</b>	<b>(35.235)</b>	<b>(24.112)</b>	<b>101.467</b>
<b>Hækkun (lækkun) handbærs fjár</b> .....		<b>(7.183)</b>	<b>28.205</b>	<b>(268)</b>	<b>(7.183)</b>	<b>28.204</b>	<b>(271)</b>
<b>Handbært fé í upphafi árs</b> .....		<b>14.867</b>	<b>99.769</b>	<b>15.135</b>	<b>14.872</b>	<b>99.768</b>	<b>15.143</b>
<b>Handbært fé í lok árs</b> .....		<b>7.684</b>	<b>127.974</b>	<b>14.867</b>	<b>7.690</b>	<b>127.972</b>	<b>14.872</b>

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, lög um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B hluta. Til A hluta telst sveitarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnun með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða eignasjóð.

Til B hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru: Hafnarsjóður, Vatnsveita, Fráveita, Félagslegar íbúðir og Félagsheimili.

Ársreikningur Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árið 2016 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs og samantekinn ársreikning fyrir A og B hlutann.

Fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árið 2016 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og yfirliti um sjóðstreymi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekna reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að hluti lóða og lendna hjá Eignarsjóði hafa verið endurmetnar.

### Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur sveitasjóðs tekur til Aðalsjóðs og Eignarsjóðs. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

### Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til sveitasjóðs og B hluta fyrirtækja þar sem eignarhlutur sveitarsjóðs er meiri en 50% í árslok. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli sveitarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eiga sér stað.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattgildi, svo sem lóðarleiga. Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra. Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna/-gjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda eða annarra tekna/gjalda.

### Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag og gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður meðal fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili þegar hann fellur til.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur þeim muni nýtast í rekstrinum og unnt er að meta kostnað vegna þeirra með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði, en það samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eignunum í tekjuhæft ástand.

Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2010 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga, 2/2010 Færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Sveitarfélagið færir til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna Eignasjóðs lóðir og lendur sem það hefur leigutekjur af og eru þær metnar til gangvirðis, en þó eigi hærra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum. Lóðir og lendur Eignasjóðs eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söluvegi.

## Eignarhlutar í félögum

Frá 1. janúar 2002 hafa eignarhlutar sveitarfélagsins í öðrum félögum verið færðir á kostnaðarverði í ársreikningi sveitarfélagsins eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra og frá sama tíma er ekki færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikningi sveitarsjóðs. Bókfærðu verði eignarhluta sem voru í eigu sveitarsjóðs í árslok 2001 hefur ekki verið breytt.

Í samanteknum ársreikningi eru eignarhlutir sveitarsjóðs í hlutdeildarfélögum færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð.

## Birgðir

Reksrarrörubirgðir eru metnar á innkaupsverði.

## Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

## Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádrögnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

## Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar í efnahagsreikning ef líklegt þykir að sveitarfélagið verði fyrir útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð meðal skuldbindinga í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

# Skýringar

## 3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A-hluti	B-hluti	Samantekið A og B hluti	Fjárhags- áætlun	Samantekið A og B hluti
	2016	2016	2016	2016	2015
<b>Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs</b>					
Útsvör.....	467.058		467.058	452.000	425.996
Fasteignaskattur.....	49.122		49.122	45.972	42.470
Fasteignaskattur á A-hluta fyrirtæki.....	(9.224)		(9.224)		(8.331)
Fasteignaskattur á B-hluta fyrirtæki.....			(6.054)		(5.935)
Lóðarleiga.....	8.306		8.306	8.296	7.991
	<u>515.261</u>	<u>0</u>	<u>509.207</u>	<u>506.268</u>	<u>462.189</u>
<b>Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga</b>					
Útgjaldajöfnunarframlög.....	94.473		94.473	66.934	74.539
Framlag vegna nýbúa.....	2.080		2.080	2.080	3.239
	<u>227.019</u>	<u>0</u>	<u>227.019</u>	<u>204.432</u>	<u>219.437</u>
<b>Aðrar tekjur</b>					
Aðalsjóður.....	155.641		155.641	143.214	123.369
Eignasjóður.....	83.323		83.323	83.914	77.788
Hafnarsjóður.....		102.030	102.030	90.628	89.380
Vatnsveita.....		30.439	30.439	28.100	28.996
Vatnsveita framlag frá A-hluta.....		4.418	4.418		0
Félagsheimili Bolungarvíkur.....		2.937	2.937	7.500	3.186
Félagsheimili Bolungarvíkur, framlag frá A-hluta.....		29.683	29.683		30.561
Félagslegar íbúðir.....		31.108	31.108	19.395	20.631
Félagslegar íbúðir, framlag frá A-hluta.....		0	0		13.010
Fráveita.....		16.893	16.893	16.500	16.489
Hjúkrunarheimili.....		21.585	21.585	20.787	6.723
Innri viðskipti.....	(89.083)		(139.218)	(93.023)	(145.311)
	<u>149.882</u>	<u>239.094</u>	<u>338.841</u>	<u>317.015</u>	<u>264.820</u>
Rekstrartekjur samtals.....	<u>892.163</u>	<u>239.094</u>	<u>1.075.067</u>	<u>1.027.715</u>	<u>946.446</u>
<b>Álagningarhlutföll</b>					
Útsvar.....			14,52%		
Fasteignaskattar - íbúðarhúsnæði.....			0,50%		
Fasteignaskattar - atvinnuhúsnæði og óbyggt land.....			1,50%		

## 4. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti		
	2016	Fjárhags- áætlun 2016	2016	Fjárhags- áætlun 2016	2015
Laun.....	397.072	368.096	428.492	400.623	389.202
Launatengd gjöld.....	93.877	85.030	102.352	92.060	96.092
Hækkun/(lækkun) á lífeyrisskuldbindingu.....	7.644	500	7.644	500	9.566
Laun og launatengd gjöld samtals.....	<u>498.593</u>	<u>453.626</u>	<u>538.488</u>	<u>493.183</u>	<u>494.860</u>
Stöðugildi í árslok .....	64,93		67,63		64,10

Laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu um 21,5 milljónum króna.

# Skýringar

## 5. Fjármunatekjur

	A hluti		A og B hluti	
	2016	Fjárhags- áætlun 2016	2016	Fjárhags- áætlun 2016
Vaxtatekjur af veltufjármunum .....	4.393	6.420	4.499	6.559
Arður af hlutabréfum .....	4.031	4.000	4.031	4.000
Vaxtatekjur og verðbætur af skuldabréfum .....	26.081	43.755	(0)	13.057
	34.505	54.175	8.530	23.616

## 6. Fjármagnsgjöld

	A hluti		A og B hluti	
	2016	Fjárhags- áætlun 2016	2015	Fjárhags- áætlun 2014
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum .....	5.256	3.000	5.260	3.025
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum .....	36.627	51.245	74.608	108.993
Fjármagnstekjuskattur .....	159	0	177	0
	42.042	54.245	80.044	112.018

## 7. Rekstur málaflokka og fyrirtækja í samanburði við fjárhagsáætlun

Rekstur málaflokka greinist þannig:

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun	Hlutfall af heildar tekjum
Skatttekjur.....		751.505	751.505	710.700	89,0%
Félagsþjónusta.....	104.307	15.385	(88.922)	(84.131)	-10,5%
Heilbrigðismál.....	3.201	0	(3.201)	(3.203)	-0,4%
Fræðslu- og uppeldismál.....	386.255	34.245	(352.010)	(335.138)	-41,7%
Menningarmál.....	39.632	13.235	(26.397)	(26.612)	-3,1%
Æskulýðs- og íþróttamál.....	104.106	35.398	(68.707)	(54.337)	-8,1%
Brunamál og almannavarnir.....	23.405	1.153	(22.252)	(16.245)	-2,6%
Hreinlætismál.....	27.939	22.518	(5.421)	(7.381)	-0,6%
Skipulags- og byggingarmál.....	14.506	2.312	(12.195)	(9.020)	-1,4%
Umferðar- og samgöngumál.....	22.000	2.919	(19.081)	(14.170)	-2,3%
Umhverfismál.....	13.431	224	(13.207)	(19.432)	-1,6%
Atvinnumál.....	1.629	1.405	(224)	(1.740)	0,0%
Framlög til B-hluta stofnanir.....	34.101	0	(34.101)	0	-4,0%
Sameiginlegur kostnaður.....	124.426	26.847	(97.579)	(82.068)	-11,6%
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	7.644	0	(7.644)	(500)	-0,9%
Fjármunatekjur og fjármagnsgj.....	(12.857)	0	12.857	26.799	1,5%
Aðalsjóður samtals.....	893.725	907.146	13.421	83.522	1,6%
<b>A-hluta stofnanir:</b>					
Eignasjóður.....	103.350	83.323	(20.027)	0	
Innri færslur A hluta.....	(98.307)	(98.307)	0	0	
Sveitarsjóður samtals.....	898.768	892.163	(6.605)	83.522	
<b>B-hluta stofnanir:</b>					
Hafnarsjóður.....	75.471	102.030	26.559	22.160	
Vatnsveita.....	34.858	34.858	0	(2.999)	
Félagsheimili.....	37.037	32.621	(4.416)	(37.380)	
Félagslegar íbúðir.....	34.948	31.108	(3.840)	(21.880)	
Fráveita.....	7.364	16.893	9.529	8.140	
Hjúkrunarheimili.....	33.420	21.585	(11.835)	(23.153)	
Innri færslur A og B hluta.....	(56.190)	(56.190)	0	0	
A og B hluti samtals.....	1.065.675	1.075.067	9.392	28.410	

# Skýringar

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

### A hluti

	Fasteignir og byggingarland	Götur og veitukerfi	Tæki og bifreiðar	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Staða í ársbyrjun .....	911.280	146.868	83.098	1.141.246
Eignfært á árinu .....	32.840	1.759	3.235	37.833
Hækkun á endurmati lóða og lenda .....	6.187	0	0	6.187
Selt á árinu .....	(26.143)	0	0	(26.143)
Staða í árslok .....	924.163	148.627	86.333	1.159.123
<b>Afskriftir</b>				
Staða í ársbyrjun .....	417.779	15.269	54.734	487.782
Afskrift ársins .....	14.664	5.825	7.822	28.311
Selt á árinu .....	(3.852)			(3.852)
Staða í árslok .....	428.592	21.094	62.556	512.241
<b>Bókfært verð</b>				
Bókfært verð í ársbyrjun .....	493.501	131.599	28.364	653.463
Bókfært verð í árslok .....	495.572	127.533	23.777	646.882
Afskriftarhlutföll .....	2-4%	4%	10-33%	

### A og B hluti

	Fasteignir og byggingarland	Götur og veitukerfi	Hafnar-mannvirki	Áhöld og tæki	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>					
Staða í ársbyrjun .....	1.847.092	522.966	152.496	112.114	2.634.668
Eignfært á árinu .....	56.092	2.022	10.421	3.824	72.359
Endurmat lóða og lenda .....	6.187	0	0	0	6.187
Selt á árinu .....	(26.098)	0	0	0	(26.098)
Staða í árslok .....	1.883.272	524.987	162.917	115.938	2.687.115
<b>Afskriftir</b>					
Staða í ársbyrjun .....	509.333	305.373	48.828	73.368	936.901
Afskrift ársins .....	34.420	10.320	6.882	10.480	62.103
Selt á árinu .....	(15.807)	0	0	0	(15.807)
Staða í árslok .....	527.946	315.693	55.710	83.848	983.197
<b>Bókfært verð</b>					
Bókfært verð í ársbyrjun .....	1.337.759	217.593	103.668	38.747	1.697.767
Bókfært verð í árslok .....	1.355.326	209.295	107.207	32.090	1.703.918
Afskriftarhlutföll .....	2-4%	4%	5%	10-33%	

Fasteignamat og váttryggingamat eigna sveitarfélagsins skiptist þannig:

	Fasteignamat	Váttryggingamat	Bókfært verð
Leikskólar, grunn- og tónlistarskóli .....	150.090	544.800	155.053
Íþróttamannvirki .....	123.850	683.350	81.233
Byggingarland .....	51.450		168.764
Þjónustubyggingar .....	85.730	460.952	60.513
Íbúðarhúsnæði .....	162.485	506.910	99.504
Hafnarmannvirki .....	4.480	1.308.008	107.207
Íbúðir aldraðra .....	79.270	202.250	119.189
Félagsheimili .....	95.150	509.100	242.453
Hjúkrunarheimili .....	113.557	336.050	418.432
Aðrar fasteignir .....	22.436	116.100	10.186
	888.498	4.667.520	1.462.534

# Skýringar

## 9. Eignarhlutar í félögum

	Hlutdeild	Nafnverð	A hluti	A og B hluti
			Bókfært verð	Bókfært verð
<b>Eignarhlutar í félögum:</b>				
Lánasjóður sveitarfélaga ohf .....	0,83%	41.550	73.618	73.618
Stofnfé í Náttúrustofu Vestfjarða ehf. ....	50,00%	13.500	13.500	13.500
Hvetjandi hf. eignarhaldsfélag .....	2,50%	4.500	4.500	4.500
Vesturferðir ehf. ....	óveruleg		50	50
Stofnfé í Háskólasetri Vestfjarða .....	2,50%	150	150	150
Hótel Ísafjörður hf. ....	0,00%	10	10	10
Fjord Fishing ehf. ....	0,87%	100	100	100
Melrekkasetur Íslands .....		114	114	114
Landskerfi bókasafna hf. ....		223	467	467
		60.147	92.508	92.508

## 10. Aðrar peningalegar eignir

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2015
<b>Óinnheimtar tekjur</b>				
Óinnheimtar tekjur .....	73.877	78.060	88.227	89.937
Óbein niðurfærsla .....	(26.372)	(23.263)	(27.298)	(24.277)
	47.505	54.797	60.929	65.660

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrir ára.

### Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2015
Viðskiptakröfur .....	41.517	33.860	41.517	33.860
Óbein niðurfærsla .....	(1.894)	(2.048)	(1.894)	(2.048)
Aðrar skammtímakröfur .....	0	2.949	357	3.655
	39.623	34.761	39.980	35.467

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2015
Bankainnstæður .....	7.684	7.684	7.690	7.690
	7.684	7.684	7.690	7.690

## 11. Eigið fé

Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

	A hluti	A og B hluti
	2016	2016
Yfirfært frá fyrra ári .....	346.639	279.805
Endurmat lóðir og lendur.....	6.187	6.187
Rekstrarafkoma ársins .....	(6.605)	9.392
	346.221	295.383

# Skýringar

## 12. Lífeyrisskuldbinding

Á Bolungarvíkurkaupstað hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Skuldbindingin nemur um 116,5 milljónum króna samkvæmt mati tryggingastærðfræðings og miðast útreikningurinn við 2% ávöxtun umfram launahækkanir. Hækkun skuldbindingarinnar á árinu 2016 nam um 7,6 milljón króna og er færð til gjalda í rekstrarreikningi.

	Árið 2016		Árið 2015	
	A hluti	A og B hluti	A hluti	A og B hluti
Lífeyrisskuldbindingar frá fyrra ári .....	108.841	108.841	99.275	99.275
Hækkun/(lækkun) ársins.....	12.944	12.944	13.663	13.663
Afborganir ársins.....	(5.300)	(5.300)	(4.097)	(4.097)
Lífeyrisskuldbindingar í árslok .....	<u>116.485</u>	<u>116.485</u>	<u>108.841</u>	<u>108.841</u>

Núvirði, áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindinga greinist þannig á næstu ár:

Árin 2017-2021.....	30.685
Árin 2022-2026.....	31.747
Árin 2027-2031.....	25.338
Síðar.....	<u>28.715</u>
	<u>116.485</u>

## 13. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2016	31.12.2015
Skuldir í ISK .....	1.364.534	1.269.439
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	<u>1.364.534</u>	<u>1.269.439</u>
Langtímaskuldir í árslok .....	<u>1.260.393</u>	<u>1.165.674</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir
Næsta árs afborganir .....	104.141
Afborganir 2016 .....	100.940
Afborganir 2017 .....	85.023
Afborganir 2018 .....	76.206
Afborganir 2019 .....	70.750
Afborganir síðar .....	<u>927.474</u>
	<u>1.364.534</u>

Á undarförnum árum hefur verið unnið að snjóflóðavarnargörðum í Bolungarvík. Hlutdeild sveitarfélagsins er 10% af heildar framkvæmdakostnaði en 90% eru greidd af Ofanflóðasjóði. Ofanflóðasjóður hefur veitt sveitarfélaginu lán til 15 ára vegna kostnaðarhlutdeildar þess. Vegna sérstakra ákvæða í lánasamningnum frá Ofanflóðasjóði mun árleg greiðsla af þessum lánunum verða óveruleg og það sem eftir stendur af lánunum að liðnum 15 ára lánstíma, mun falla niður. Staða þessara lána hjá Ofanflóðasjóði nemur 272,6 millj. kr. í lok árs. Bókfærð staða lánanna hjá sveitarfélaginu er 40 millj. kr. eða 6,3 millj. kr. hærrí fjárhæð en áætlaðar greiðslur af þessum lánunum á greiðslutíma lánanna sem eru áætlaðar 33,8 millj. kr.

# Skýringar

## 14. Aðrar peningalegar skuldir

Skuldir við lánastofnanir	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2015
Lánasjóður sveitarfélaga .....	0	90.000	0	90.000
	0	90.000	0	90.000
Viðskiptaskuldir	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2015
Viðskiptaskuldir .....	36.393	67.677	36.393	67.677
	36.393	67.677	36.393	67.677
Aðrar skammtímaskuldir	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2015
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	74.473	72.960	79.524	72.960
Áfallnir ógreiddir vextir .....	6.585	7.443	10.684	10.905
Aðrar skammtímaskuldir .....	538	320	2.021	4.146
	81.596	80.723	92.230	88.011
Næsta árs afborganir langtímaskulda	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2015
Skuldir við lánastofnanir .....	76.132	81.455	104.141	103.765
	76.132	81.455	104.141	103.765

## 15. Gjaldmiðlaáhætta

Sveitarfélagið býr ekki við gjaldmiðlaáhattu vegna lántöku í erlendum gjaldmiðlum.

## 16. Ábyrgðir og önnur mál

Bæjarsjóður ber 100% ábyrgð á skuldbindingum allra þeirra rekstrareininga sem falla undir samantekinn ársreikning. Bæjarfélagið er auk þess í hlutfallslegri ábyrgð vegna eignaraðildar að ýmsum byggðasamlögum, svo sem vegna Byggsamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, Fjórðungssambands Vestfirðinga og Byggsafns Vestfjarða.

Þann 12. september 2012 undirritaði Bolungarvíkurkaupstaður samning við Velferðarráðuneytið um byggingu og þátttöku í leigu hjúkrunarheimilis fyrir aldraða í Bolungarvík. Hlutverk Bolungarvíkurkaupstaðar er að láta hana og byggja húsnæði fyrir 10 rýma hjúkrunarheimili fyrir aldraða í sveitarfélaginu í samræmi við nügildandi kröfur hins opinbera um stærð, aðbúnað og gæði húsnæðis. Hjúkrunarheimilið verður eign sveitarfélagsins en samningurinn sem er til 40 ára tryggir 85% hlutdeild ríkisins í leigu á húsnæðinu allan samningstímann en á móti kemur 15% framlag sveitarfélagsins. Hjúkrunarheimilið var tekið í notkun í byrjun desember 2015. Greidd leiga á árinu 2016 nam 20,3 milljónum króna og áætluð núvirt fjárhæð þeirra leigugreidslna sem ríkið mun greiða á eftirstöðvum samningstímans vegna byggingarkostnaðarins nemur um 313,8 milljónum króna í árslok 2016.

## 17. Tengdir aðilar

Aðal og varamenn í bæjarstjórn auk ædstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila. Öll viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og í viðskiptum við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfiskilyrðum 20. gr. sveitastjórnarlaga.

## 18. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á fundi bæjarstjórnar þann 9. maí 2017.

# Skýringar

## 19. Kennitölur - Skuldaviðmið

	A hluti		A og B hluti	
	2016	2015	2016	2015
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir og vexti (EBITDA).....	29.243	7.709	143.009	106.246
Skuldahlutfall.....	104%	135%	150%	172%
Skuldahlutfall að teknu tilliti til lífeyrisskuldbindinga (15 ár).....	101%	132%	147%	168%
Skuldahlutfall að frádregnum leiguskuldbindingum frá ríkissjóði.....			119%	136%

## 20. Yfirlit um lykiltölur

	A hluti		A og B hluti	
	2016	Fjárhags- áætlun 2016	2016	Fjárhags- áætlun 2016
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>				
Skatttekjur .....	57,75%	59,93%	47,37%	49,26%
Framlög jöfnunarsjóðs .....	25,45%	24,20%	21,12%	19,89%
Skatttekjur samtals.....	83,20%	84,13%	68,48%	69,15%
Aðrar tekjur .....	16,80%	15,87%	31,52%	30,85%
	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%
Laun og launatengd gjöld.....	55,03%	53,64%	49,38%	47,94%
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	0,86%	0,06%	0,71%	0,05%
Annar rekstrarkostnaður án afskrifta .....	37,01%	35,01%	36,61%	36,63%
Afskriftir.....	3,17%	3,28%	5,78%	5,56%
Framlag til B-hluta.....	3,82%			
Fjármagnsliðir, nettó.....	0,84%	0,01%	6,65%	8,60%
Rekstrarniðurstaða.....	(0,74%)	8,01%	0,87%	1,22%
Handbært fé frá rekstri .....	2,90%		8,31%	
Fjárfestingahreyfingar .....	3,00%		5,70%	
<b>Í þúsundum króna á íbúa:</b>				
Rekstur:				
Skatttekjur og jöfnunarsjóður.....	817	783	811	783
Aðrar tekjur.....	165	148	373	349
Rekstrartekjur samtals.....	983	930	1.184	1.132
Rekstrargjöld og fjármagnsliðir.....	990	856	1.174	1.118
Rekstrarniðurstaða ársins .....	(7,274)	75	10	14

## Skýringar

### 20. Yfirlit um lykiltölur (framhald)

Í þúsundum króna á íbúa:	A hluti		A og B hluti	
	2016	2015	2016	2015
Efnahagur:				
Eignir.....	1.404	1.583	2.098	2.106
Eigið fé.....	381	383	325	310
Lífeyrisskuldbindingar.....	128	120	128	120
Skuldir án skuldbindinga.....	894	1.079	1.644	1.676
Skuldir að frádrögnum handbæru fé.....	1.014	1.183	1.764	1.780

Í þúsundum króna á íbúa:	A hluti		A og B hluti	
	2016	2015	2016	2015
Úr sjóðstreymi:				
Veltufé (til)/ frá rekstri.....	47	11	116	88
- í hlutfalli (%) við skuldir án skuldbindinga.....	5%	1%	7%	5%
- mælt í árum.....	19	94	14	19
Handbært fé frá rekstri.....	28	5	98	87
- í hlutfalli (%) við langtímaskuldir.....	5%	1%	7%	7%
- mælt í árum.....	22	130	14	15

#### Aðrar lykiltölur:

Veltufjárhlutfall - veltufjármunir / skammtímaskuldir.....	0,73	0,49	0,47	0,33
Eiginfjárhlutfall - eigið fé / heildarfjármagn.....	27,16%	24,23%	15,51%	14,70%

Kostnaður per stöðugildi:	A og B hluti	
	2016	2015
Launakostnaður per stöðugildi.....	7.849.241	7.570.889

#### Fimm ára yfirlit sveitarsjóðs:

Íbúafjöldi:	Árið 2016	Árið 2015	Árið 2014	Árið 2013	Árið 2012
Í ársbyrjun.....	904	923	950	918	890
Breyting á árinu.....	4	(19)	(27)	32	28
Í árslok.....	908	904	923	950	918

#### Í hlutfalli við rekstrartekjur

Skatttekjur .....	57,75%	58,45%	57,95%	61,38%	61,38%
Framlög jöfnunarsjóðs .....	25,45%	27,40%	25,44%	22,23%	22,24%
Skatttekjur samtals.....	83,20%	85,85%	83,39%	83,61%	83,62%
Aðrar tekjur .....	16,80%	14,15%	16,62%	16,38%	16,38%
	100,00%	100,00%	100,01%	100,00%	100,00%
Laun og launatengd gjöld.....	55,89%	57,00%	52,67%	48,88%	50,70%
Annar rekstrarkostnaður.....	37,01%	36,60%	40,77%	38,14%	37,75%
Framlög til B-hluta.....	3,82%	5,44%	4,19%	6,61%	10,37%
Afskriftir.....	3,17%	3,32%	3,20%	2,83%	2,54%
Rekstrargjöld.....	99,90%	102,35%	100,82%	96,46%	101,36%
Fjármagnsliðir, nettó.....	0,84%	1,62%	0,17%	(0,21%)	(0,72%)
Rekstramiðurstaða.....	(0,74%)	(3,98%)	(0,99%)	3,75%	(0,64%)

# Skýringar

## 20. Yfirlit um lykiltölur (framhald)

	Árið 2016	Árið 2015	Árið 2014	Árið 2013	Árið 2012
<b>Í þúsundum króna á íbúa á verðlagi hvers árs:</b>					
<b>Rekstur:</b>					
Skatttekjur.....	567	518	468	438	428
Jöfnunarsjóður.....	250	243	205	159	155
Aðrar tekjur.....	165	125	134	119	114
	<u>983</u>	<u>886</u>	<u>807</u>	<u>716</u>	<u>698</u>
Laun og launatengd gjöld.....	549	505	425	350	354
Annar rekstrarkostnaður.....	364	324	329	273	263
Framlag til B-hluta.....	38	48	34	47	72
Afskriftir.....	31	29	26	20	18
Fjármagnsliðir, nettó.....	8	14	1	(1)	(5)
	<u>990</u>	<u>921</u>	<u>815</u>	<u>689</u>	<u>702</u>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<u>(7,274)</u>	<u>(35)</u>	<u>(8)</u>	<u>27</u>	<u>(4)</u>
<b>Efnahagur:</b>					
Eignir.....	1.404	1.583	1.452	1.353	1.134
Eigið fé.....	381	383	402	352	318
Lífeyrisskuldbindingar.....	128	120	108	97	109
Skuldir án skuldbindinga.....	894	1.079	943	904	707
<b>Sjóðstreymi:</b>					
Handbært fé frá (til) rekstrar.....	28	5	0	61	47
<b>Aðrar lykiltölur:</b>					
Veltufjárhlutfall.....	0,73	0,49	0,59	1,37	0,77
Eiginfjárhlutfall.....	27,16%	24,23%	27,69%	26,01%	28,02%

## 20. Yfirlit um lykiltölur (framhald)

### Samanburður rekstraráætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2016 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og endurskoðaðri fjárhagsáætlun. Endurskoðuð fjárhagsáætlun er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreiknings til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafslæg fjárhagsáætlun	Viðaukar	Fjárhagsáætlun m/viðaukum	Upphafslæg fjárhagsáætlun	Viðaukar	Fjárhagsáætlun m/viðaukum
<b>Rekstrartekjur</b>						
Útsvar og fasteignaskattur.....	506.268	0	506.268	506.268	0	506.268
Framlag úr jöfnunarsjóð.....	204.432	0	204.432	204.432	0	204.432
Aðrar tekjur.....	134.105	0	134.105	317.015	0	317.015
	<u>844.805</u>	<u>0</u>	<u>844.805</u>	<u>1.027.715</u>	<u>0</u>	<u>1.027.715</u>
<b>Rekstrartekjur</b>						
Laun og launatengd gjöld.....	(451.826)	(1.800)	(453.626)	(491.383)	(1.800)	(493.183)
Annar rekstrarkostnaður.....	(295.763)	0	(295.763)	(376.463)	0	(376.463)
Afskriftir.....	(27.697)	0	(27.697)	(57.130)	0	(57.130)
	<u>(775.286)</u>	<u>(1.800)</u>	<u>(777.086)</u>	<u>(924.976)</u>	<u>(1.800)</u>	<u>(926.776)</u>
Rekstrarafkoma án fjármunatekna og jármagnsgjalda.....	69.519	(1.800)	67.719	102.739	(1.800)	100.939
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	(70)	0	(70)	(88.402)	0	(88.402)
Rekstrarafkoma.....	<u>69.448</u>	<u>(1.800)</u>	<u>67.649</u>	<u>14.336</u>	<u>(1.800)</u>	<u>12.537</u>

### Samanburður sjóðstreymisáætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2016 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og endurskoðaðri fjárhagsáætlun. Endurskoðuð fjárhagsáætlun er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreiknings til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafslæg fjárhagsáætlun	Viðaukar	Fjárhagsáætlun m/viðaukum	Upphafslæg fjárhagsáætlun	Viðaukar	Fjárhagsáætlun m/viðaukum
<b>Rekstrarhreyfingar</b>						
Rekstrarafkoma ársins.....	69.449	(1.800)	67.649	14.337	(1.800)	12.537
Afskriftir.....	27.697	0	27.697	57.130	0	57.130
Breyting á lífeyrisskuldbindingu.....	0	0	0	0	0	0
Verðbætur og gengismunur af langt.skuldum.....	9.295	0	9.295	45.149	0	45.149
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<u>106.439</u>	<u>(1.800)</u>	<u>104.641</u>	<u>116.616</u>	<u>(1.800)</u>	<u>114.816</u>
Vörubirgðir, breyting.....	0	0	0	0	0	0
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun.....	0	0	0	0	0	0
Rekstrartengdar skuldir (lækkun).....	0	0	0	0	0	0
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<u>106.439</u>	<u>(1.800)</u>	<u>104.641</u>	<u>116.616</u>	<u>(1.800)</u>	<u>114.816</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>						
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum.....	(50.000)	0	(50.000)	(60.000)	0	(60.000)
Keypir eignarhlutar í félögum.....	0	(2.500)	(2.500)	0	(2.500)	(2.500)
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting.....	11.251	0	11.251	0	0	0
	<u>(38.749)</u>	<u>(2.500)</u>	<u>(41.249)</u>	<u>(60.000)</u>	<u>(2.500)</u>	<u>(62.500)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>						
Tekin ný langtímalán.....	60.000	0	60.000	80.000	0	80.000
Afborganir langtímalána.....	(85.888)	0	(85.888)	(104.112)	0	(104.112)
Viðskiptastaða við eigin sjóði.....	(9.299)	0	(9.299)	0	0	0
	<u>(35.187)</u>	<u>0</u>	<u>(35.187)</u>	<u>(24.112)</u>	<u>0</u>	<u>(24.112)</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjárs.....	32.503	(4.300)	28.205	32.504	(4.300)	28.204
Handbært fé í upphafi árs.....	99.769		99.769	99.768		99.768
Handbært fé í lok árs.....	<u>132.272</u>	<u>(4.300)</u>	<u>127.974</u>	<u>132.272</u>	<u>(4.300)</u>	<u>127.972</u>

## Skýringar

### 20. Yfirlit um lykiltölur (framhald)

Heildartekjur sveitarfélagsins og heildargjöld í hlutfalli af heildartekjum greinast þannig, á verðlagi hvers árs.

	2016	Hlutfall af heildartekjum	2015	Hlutfall af heildartekjum	2014	Hlutfall af heildartekjum
<b>Tekjur</b>						
Útsvör.....	466.565	52,30%	425.996	53,19%	396.096	53,16%
Fasteignaskattur.....	48.696	5,46%	42.129	5,26%	35.649	4,78%
Framlag úr Jöfnunarsj. sveitarfélaga.....	227.019	25,45%	219.437	27,40%	189.507	25,44%
<b>Skatttekjur.....</b>	<b>742.280</b>	<b>83,20%</b>	<b>687.562</b>	<b>85,85%</b>	<b>621.252</b>	<b>83,38%</b>
Bjónustutekjur.....	97.590	10,94%	66.622	8,32%	78.416	10,52%
Eignatekjur.....	41.755	4,68%	10.501	1,31%	9.968	1,34%
Endurgreiðslur.....	10.537	1,18%	36.211	4,52%	35.427	4,75%
<b>Heildartekjur samtals.....</b>	<b>892.163</b>	<b>100,00%</b>	<b>800.896</b>	<b>100,00%</b>	<b>745.063</b>	<b>100,00%</b>
<b>Gjöld</b>						
Launaliðir.....	498.593	55,89%	456.500	57,00%	392.397	52,67%
Annar rekstrarkostnaður.....	364.327	40,84%	336.687	42,04%	334.977	44,96%
Afskriftir.....	28.311	3,17%	26.569	3,32%	23.812	3,20%
Fjármagnsliðir, nettó.....	7.537	0,84%	13.005	1,62%	1.279	0,17%
<b>Heildargjöld samtals.....</b>	<b>898.768</b>	<b>100,74%</b>	<b>832.761</b>	<b>103,98%</b>	<b>752.465</b>	<b>100,99%</b>
Rekstrarniðurstaða.....	(6.605)	-0,74%	(31.865)	-3,98%	(7.401)	-0,99%

Í þessu yfirliti er borin saman ráðstöfun skatttekna til einstakra málaflokka í A hluta síðustu 3 ár. Bjónustutekjur og aðrar tekjur sem tilheyra einstökum málaflokkum hafa verið dregnar frá gjöldum viðkomandi málaflokks. Fjárhæðir eru í þúsundum króna á verðlagi hvers árs.

	2016	Hlutfall af skatttekjum	2015	Hlutfall af skatttekjum	2014	Hlutfall af skatttekjum
<b>Aðalsjóður</b>						
Skatttekjur.....	751.505	100,00%	695.893	100,00%	629.256	100,00%
Félagsþjónusta.....	(88.922)	-11,83%	(94.727)	-13,61%	(84.459)	-13,42%
Heilbrigðismál.....	(3.201)	-0,43%	(2.715)	-0,39%	(2.763)	-0,44%
Fræðslu- og uppeldismál.....	(352.010)	-46,84%	(335.322)	-48,19%	(296.789)	-47,17%
Menningarmál.....	(26.397)	-3,51%	(23.011)	-3,31%	(31.046)	-4,93%
Æskulýðs- og íþróttamál.....	(68.707)	-9,14%	(68.432)	-9,83%	(56.396)	-8,96%
Brunamál og almannavarnir.....	(22.252)	-2,96%	(17.715)	-2,55%	(17.635)	-2,80%
Hreinlætismál.....	(5.421)	-0,72%	(7.785)	-1,12%	(4.693)	-0,75%
Skipulags- og byggingamál.....	(12.195)	-1,62%	(10.779)	-1,55%	(6.416)	-1,02%
Umferðar- og samgöngumál.....	(19.081)	-2,54%	(22.844)	-3,28%	(24.502)	-3,89%
Umhverfismál.....	(13.207)	-1,76%	(11.282)	-1,62%	(17.549)	-2,79%
Atvinnumál.....	(224)	-0,03%	(2.291)	-0,33%	(3.478)	-0,55%
Framlög til B hluta fyrirtækja.....	(34.101)	-4,54%	(43.571)	-6,26%	(31.195)	-4,96%
Sameiginlegur kostnaður.....	(97.579)	-12,98%	(77.411)	-11,12%	(63.757)	-10,13%
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	(7.644)	-1,02%	(9.566)	-1,37%	(12.228)	-1,94%
Fjármagnsliðir.....	12.857	1,71%	7.547	1,08%	16.083	2,56%
<b>Aðalsjóður samtals.....</b>	<b>13.421</b>	<b>1,79%</b>	<b>(24.011)</b>	<b>-3,45%</b>	<b>(7.567)</b>	<b>-1,20%</b>
<b>A hluta stofnanir</b>						
Eignasjóður.....	(20.027)	-2,66%	(7.854)	-0,98%	165	0,02%
Sveitarsjóður A hluti.....	(6.605)	-0,88%	(31.865)	-4,58%	(7.401)	-1,18%